

Nr. 126 / 11 Ægir***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1066
 Smíðaður: Danmörk 1968, stál
 Stærð: 959 brl. 1258 bt.
 Mesta lengd: 70,1 m Skráð lengd: 64,9 m
 Breidd: 10 m Dýpt: 8,1 m
 Vél: MAN 6330 kW, 1968
 Fjöldi skipverja:



Ægir©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. október 2011 var varðskipið Ægir við bryggju í Almería á Spáni. Veður: Hægviðri og léttskýjað.

Skipverji hafði verið upp á vinnupalli (*grindarpallur, sjá mynd*) í gangi við yfirbyggingu skipsins. Þegar hann ætlaði niður fór hann yfir endagrindina utanverða en við það sporðreistist vinnupallurinn með þeim afleiðingum að skipverjinn féll í þilfarið og pallurinn lenti ofan á honum. Hann var fluttur á sjúkrahús og í ljós kom m.a. að hann brotnaði illa á vinstra hné. *Myndin sýnir vinnupallinn á vettvangi. Mynd©LHG*

**Við rannsókn kom fram:**

- að vinnupallurinn var úr áli og um 2 metrar á hæð og um 1,5 metrar á lengd;
- að undir fótum pallsins áttu að vera stillanlegar plötur (25x25 sm) en ekki var hægt að koma þeim fyrir vegna þrengsla í ganginum. Pallurinn var ekki bundinn fastur við rekkverk eða handrið;
- að sögn skipverjans hafði hann í tvígang farið niður pallinn með sama hætti þennan dag án þess að hann sporðreistist;
- að þegar hann ætlaði að fara niður fór pallurinn að lyftast en þá færði hann sig nær honum og þá fór pallurinn niður aftur. Þegar hann lagði aftur af stað lyftist pallurinn á ný og rambaði;
- að hægt var að fara niður af pallinum innanvert um lúgu en þá hefði skipverjinn þurft að fara yfir rekkverkið til að komast undan honum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var ófullnægjandi frágangur á vinnupallinum.

Nefndin bendir sjómönnum á að ávallt beri að binda niður vinnupalla og lausa stiga jafnvel þótt skip séu bundin við bryggju.